

Summer Concerts 2010

SIGURJÓN ÓLAFSSON
MUSEUM

Sumartónleikar 2010



Sumartónleikar

ÞRIÐJUDAGINN 13. JÚLÍ KL. 20:30

Trío MMX. Peter Tompkins óbó, **Einar Jóhannesson** klarinetta og **Rúnar H. Vilbergsson** fagott.

Tónlist fyrir tréblásara. Divertimento í B dúr, KV Anh. 229/439b nr. 2 eftir Wolfgang Amadeus Mozart; *Six Metamorphoses after Ovid* op. 49 eftir Benjamin Britten; *Cinq pièces en trio* eftir Jacques Ibert; *Dúó fyrir klarinettu og fagott* eftir Ludwig van Beethoven og *Divertissement* eftir Jean Françaix.

ÞRIÐJUDAGINN 20. JÚLÍ KL. 20:30

Benedikt Kristjánsson tenór og **Sergio Coto-Blanco** gítar.

Gítar, söngur og Benjamin Britten. Þjóðlagautsetningar og ljóðaflokkurinn *Songs from the Chinese* eftir Benjamin Britten ásamt verkum eftir Johann Sebastian Bach, Enrique Granados, John Dowland og Franz Schubert.



ÞRIÐJUDAGINN 27. JÚLÍ KL. 20:30

Mathias Susaas Halvorsen píanó, **Eygló Dóra Davíðsdóttir** fiðla, **Magnus Boye Hansen** fiðla, **Mischa Pfeiffer** víola og **Þorgerður Edda Hall** selló.

Tveir litríkir, síðrómantískir píanókvintettar. Píanókvintett í C dúr op. posth. eftir Nikolai Medtner og *Píanókvintett í E dúr* op. 15 eftir Wolfgang Korngold.

ÞRIÐJUDAGINN 3. ÁGÚST KL. 20:30

Kristín R. Sigurðardóttir sópran, **Hólmfríður Jóhannesdóttir** mezzó-sópran og **Antonia Hevesi** píanó.

Suðrænar ariur og dúettar. Ariur og dúettar eftir Jacques Offenbach, Johann Strauss, Giacomo Puccini, Georges Bizet, Léo Delibes, Jules Massenet, Saint-Saëns, Gaetano Donizetti og Engelbert Humperdinck.



ÞRIÐJUDAGINN 10. ÁGÚST KL. 20:30

SOPRANOS. Hörn Hrafnisdóttir mezzó-sópran, **Margrét Grétarsdóttir** sópran, **Svana Berglind Karlsdóttir** sópran og **Hólmfríður Sigurðardóttir** píanó.

Kossar og kansónur. Íslenskar og erlendar kossavísur sem með glaðværd sinni veða upp á móti hinum ódauðlegu ítölsku kansónum sem fjalla um ástir og örlög. Í útsetningu SOPRANOS.



ÞRIÐJUDAGINN 17. ÁGÚST KL. 20:30

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzó-sópran og **Ástríður Alda Sigurðardóttir** píanó.

Skandinavískir tónar - tan da ra dei! Sönglög eftir Jórunn Viðar, Jón Leifs, Jean Sibelius, Edvard Grieg, Pál Ísólfsson, Sigvalda Kaldalóns, Atla Heimi Sveinsson og Carl Sjöberg.



ÞRIÐJUDAGINN 24. ÁGÚST KL. 20:30



Eva Mjöll Ingólfssdóttir fiðluleikari.

Einleikstónleikar. Partita II í d moll BWV 1004 eftir Johann Sebastian Bach; *Sónata nr. 3* op. 27 „Ballade“ eftir Eugène Ysaÿe og *Tango Etudes 2 og 4* eftir Astor Piazzolla.

ÞRIÐJUDAGINN 31. ÁGÚST

KL. 20:30

Arngunnur Árnadóttir klarinetta, **Joaquin Páll Palomares** fiðla og **Hákon Bjarnason** píanó.

Áfangar og andstæður. Áfangar eftir Leif Þórarinnsson, *L'histoire du Soldat* eftir Igor Stravinsky, og *Contrasts* eftir Béla Bartók.



Summer Concerts

TUESDAY JULY 13 AT 20:30

Trio MMX. Peter Tompkins oboe, Einar Jóhannesson clarinet and Rúnar H. Vilbergsson bassoon.

Music for woodwinds. Divertimento in B flat major, KV Anh. 229/439b no. 2 by Wolfgang Amadeus Mozart; *Six Metamorphoses after Ovid* op. 49 by Benjamin Britten; *Cinq pièces en trio* by Jacques Ibert; *Duo for clarinet and bassoon* by Ludwig van Beethoven and *Divertissement* by Jean Françaix.



TUESDAY JULY 20 AT 20:30

Benedikt Kristjánsson tenor and **Sergio Coto-Blanco** guitar.

Guitar, voice and Benjamin Britten. Folk song arrangements and the cycle *Songs from the Chinese* by Benjamin Britten. Also music by Johann Sebastian Bach, Enrique Granados, John Dowland and Franz Schubert.

TUESDAY JULY 27 AT 20:30

Mathias Susaas Halvorsen piano, **Eygló Dóra Davíðsdóttir** violin, **Magnus Boye Hansen** violin, **Mischa Pfeiffer** viola and **Þorgerður Edda Hall** cello.

Two colourful and late-romantic piano quintets. Piano quintet in C major op. posth. by Nikolai Medtner and *Piano quintet in E major* op. 15 by Wolfgang Korngold.



TUESDAY AUGUST 3 AT 20:30

Kristín R. Sigurðardóttir soprano, **Hólmfríður Jóhannesdóttir** mezzo-soprano and **Antonía Hevesi** piano.

Works by Jacques Offenbach, Johann Strauss, Giacomo Puccini, Georges Bizet, Léo Delibes, Jules Massenet, Saint-Saëns, Gaetano Donizetti and Engelbert Humperdinck.



TUESDAY AUGUST 10 AT 20:30

SOPRANOS. Hörn Hrafnisdóttir mezzo-soprano, Margrét Grétarsdóttir soprano, Svana Berglind Karlsdóttir soprano and Hólmfríður Sigurðardóttir piano.

Kisses and Canzonas. Kissing songs from different countries which, by their flirtatious nature, balance out the immortal Italian canzonas dealing with love and destiny. Arrangements by SOPRANOS.



TUESDAY AUGUST 17 AT 20:30

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir mezzo-soprano and **Ástriður Alda Sigurðardóttir** piano.

Scandinavian Songs - tan da ra dei! Songs by Jórunn Viðar, Jón Leifs, Jean Sibelius, Edvard Grieg, Páll Ísólffson, Sigvaldi Kaldalóns, Atli Heimir Sveinsson and Carl Sjöberg.



TUESDAY AUGUST 24 AT 20:30

Eva Ingolf violin.

Solo violin. Partita II in d minor BWV 1004 by Johann Sebastian Bach; *Sonata no. 3* op. 27 'Balladé' by Eugène Ysaÿe and *Tango Etudes nos. 2 and 4* by Astor Piazzolla.

TUESDAY AUGUST 31 AT 20:30

Arngunnur Árnadóttir clarinet, **Joaquin Páll Palomares** violin and **Hákon Bjarnason** piano.

Trios of the 20th Century. *Milestones* by Leifur Þórarinnsson, *The Soldier's Tale* by Igor Stravinsky and *Contrasts* by Béla Bartók.

Sumartónleikar

Peter Tompkins óbóleikari fæddist á Englandi og lauk einleikara-prófi frá Royal College of Music og tónlistarkennaraprófi frá Royal Academy of Music í Lundúnum. Peter fluttist til Íslands árið 1988 og hefur síðan tekið virkan þátt í tónlistarflutningi hér á landi, bæði sem einleikari og flytjandi hljómsveitar-, óperu-, leiklistar-, kammer- og kirkjutónlistar. Hann hefur einnig komið fram á tónleikum víða erlendis, meðal annars í Evrópu og Bandaríkjunum.



Peter hefur setið í stjórn Félags íslenskra tónlistarmanna, verið formaður Bach-sveitarinnar í Skálholti og hann er einn af stofnfélögum Íslenska saxófónkvartettsins. Árið 2000 var hann útnefndur heiðurslaunþegi menningarsjóðs Garðabæjar. Hann leikur með Sinfóníuhljómsveit Íslands og kennir á óbó og saxófón við Tónlistarskóla Hafnarfjarðar.

Einar Jóhannesson klarinettuleikari lærði hjá Gunnari Egilson í Tónlistarskólanum í Reykjavík og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1969. Þá hélt hann til náms við Royal College of Music í Lundúnum hjá Bernard Walton og John McCaw og þar vann hann til Frederick Thurston verðlaunanna. Árið 1979 hlaut hann Sonning verðlaun ungra norrænna einleikara og hélt þá til frekara náms hjá Walter Boeykens í Frakklandi.



Einar hefur komið fram sem einleikari og hljóðritað fyrir fjölda útvarps- og sjónvarpsstöðva í Evrópu, Asíu, Bandaríkjunum og Ástralíu. Hann hefur gegnt stöðu sólóklarínnettuleikara við Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1980, er stofnfélagi Blásarakvintetts Reykjavíkur og leikur með Kammersveit Reykjavíkur. Einar er einnig félagi í miðaldasönghópnum Voces Thules.

Rúnar H. Vilbergsson stundaði nám í fagottleik hjá Sigurði Markússyni við Tónlistarskólann í Reykjavík og lauk þaðan einleikaraprófi árið 1979. Þaðan lá leiðin til Amsterdam í framhaldsnám hjá Joep Terwey við Sweelinck Conservatorium.



Rúnar hefur leikið með ýmsum hópum hljóðfæraleikara og hljómsveitum, meðal annars Kammersveit Reykjavíkur, Hljómsveit Íslensku Óperunnar og Hinum Íslenska Pursaflokki. Hann hefur verið fastráðinn fagottleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands frá 1988 og er nú sólófagottleikari sveitarinnar.

Benedikt Kristjánsson er fæddur á Húsavík árið 1987. Hann hóf söngnám 16 ára gamall, fyrst við Söngskólann í Reykjavík, en síðar Tónlistarskólann í Reykjavík undir handleiðslu Margrétar Bóasdóttur. Benedikt söng í kórum Menntaskólans við Hamrahlíð í rúm 6 ár og fór með í söngferðir til Þýskalands, Kanada, Danmerkur og Kína. Hann tók þátt í Bach-Woche í Stuttgart árið 2007 og söng hlutverk Guðspjallamannsins í Johannesarpassiú Heinrich Schütz í Heidelberg í apríl 2008. Hann var einsöngvari í As-dúr messu Schuberts sem flutt var í Mývatnssveit sumarið 2009. Hann stundar nú nám hjá Scot Weir prófessor við Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín í Þýskalandi.



Sergio Coto-Blanco er fæddur 1985 í Costa Rica og hóf gítarnám 12 ára gamall við Universidad de Costa Rica. Hann stundaði nám í tónsmíðum hjá Otto Castro prófessor við Akademi ArteKorum í Costa Rica og árið 2005 frumflutti skólahljómsveit Universidad de Costa Rica tónverk hans fyrir strengjasveit, píanó og gítar. Á árunum 2006–08 stundaði hann nám í gítarleik við Hochschule für Musik í Karlsruhe í Þýskalandi hjá Boris Bagger prófessor. Síðan þá hefur Sergio verið nemandi Eugenia Kanthou prófessor í gítarleik við Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín.



Benedikt og Sergio tóku þátt í Internationaler Wettbewerb für Kammermusik mit Gitarre í Aschaffenburg í Þýskalandi í mars 2010 og lentu þar í 3. sæti.

Mathias Susaas Halvorsen fæddist 1988 í Haugesund og stundar nú píanónám við Barratt Due Musikk institutt í Ósló undir handleiðslu tékkneska prófessorsins Jiri Hlinka og stefnir að útskrift vorið 2010 með BA gráðu. Hann hefur komið fram með mörgum virtum tónlistarmönnum, þar á meðal Gintaras Rinkevicius, Benedict Klöckner og Tine Thing Helseth og á mörgum hátíðum, svo sem Festspillene i Hardanger, København Kammermusikfestival, Festspillene i Bergen og einnig í Þýskalandi, Bretlandi og á Íslandi.



Summer Concerts

Peter Tompkins was born in England and studied the oboe at the Royal Academy of Music in London where he received his graduate and teaching diplomas. He obtained a soloist diploma from the Royal College of Music in London. Since moving to Iceland in 1988 he has taken part in a wide variety of concerts both in Iceland and abroad in Europe and the USA, as a soloist and an instrumentalist, in orchestras, operas, theatres, chamber- and church music.

Peter is a founder member of the Iceland Saxophone Quartet, he is a past manager of the Skálholt Bach Consort and has been on the directing board of the Icelandic Soloists' Society (FÍT). Peter was awarded an honorary cultural grant for the year 2000 from the town of Garðabær. He is a member of the Iceland Symphony Orchestra and teaches the oboe and saxophone at Hafnarfjörður Music School.

Einar Jóhannesson studied the clarinet at the Reykjavík College of Music and continued with Bernard Walton and John McCaw at the Royal College of Music in London, where he won the coveted Frederick Thurston Prize. In 1979 he was awarded the prize for young Nordic soloists by the Sonning Foundation in Copenhagen.

Einar has appeared as soloist and chamber music player throughout Europe, Asia, America and Australia, often presenting pieces specially written for him by Icelandic composers. He is the principal clarinet player of the Iceland Symphony Orchestra, a founder member of the Reykjavík Wind Quintet and a member of the Reykjavík Chamber Orchestra. He also sings in the male vocal ensemble Voces Thules, specializing in medieval Icelandic church music. He has recorded for the Merlin, Chandos and BIS labels.

Rúnar H. Vilbergsson studied the bassoon with Sigurður Markússon at the Reykjavík College of Music where he obtained his soloist diploma in 1979. He continued with post-graduate studies at the Sweelinck Conservatory in Amsterdam where his teacher was Joep Terwey.

Rúnar has performed with a large variety of orchestras and instrumental ensembles including the Reykjavík Chamber Orchestra, Icelandic Opera Orchestra and the rock group Pursaflokkurinn. He is the principal bassoon player of the Iceland Symphony Orchestra.

Born in 1987, tenor **Benedikt Kristjánsson** began his studies as a classical singer at the age of 16 at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts, and later at the Reykjavík College of Music under the guidance of Margrét Bóasdóttir. While studying in Iceland he was a member of the highly acclaimed youth choir, Hamrahlíðarkór, giving concerts in Iceland, Denmark, Germany, Canada and China.

In 2007 Benedikt participated in the Bach-Woche in Stuttgart with conductor Helmuth Rilling, and in 2008 he sang the Evangelist in Johannes-passion by Heinrich Schütz in Heidelberg. He was a soloist in Schubert's A-flat major Mass held at 'Music at Mývatn', Iceland 2009. Currently he studies with Professor Scot Weir at the Hochschule für Musik Hanns Eisler Berlin.

Sergio Coto-Blanco was born in Costa Rica in 1985 and began studying the guitar at the age of 12 at the Universidad de Costa Rica. Later he studied composition with professor Otto Castro in Akademi ArteKorum and in 2005 the Universidad de Costa Rica Orchestra premiered a work of his for Piano, Guitar and Strings.

From 2006 Sergio studied the guitar at the Hochschule für Musik in Karlsruhe with professor Boris Bagger until he moved to Berlin in 2008 where he currently studies at the Hochschule für Musik Hanns Eisler with Professor Eugenia Kanthou.

In March 2010 Benedikt and Sergio received third prize in the International Competition for Chamber Music with Guitar in Aschaffenburg, Germany.

Mathias Susaas Halvorsen, born in Norway 1988, studies the piano with professor Jiri Hlinka at the Barratt Due Musikk institutt in Oslo and will graduate in the spring 2010.

He has performed with several renowned artists, e.g. Gintaras Rinkevicius, Benedict Klöckner and Tine Thing Helseth, and at numerous festivals, such as Festspillene i Hardanger, København Kammermusikfestival and Festspillene i Bergen, along with festivals in Germany, Iceland and the UK. Together with Guro Pettersen he

Sumartónleikar

Þá hefur hann leikið einleik í virtum tónleikasölum eins og Oslo Konserthus og St. John's Smith Square í Lundúnum. Árið 2008 stofnaði hann, ásamt flautuleikaranum Guro Pettersen, Podium kammermúsíkhátíðina í Haugesund.

Mathias hlaut þriðju verðlaun sem píanódúóið Duo Arctica, ásamt Joachim Carr í alþjóðlegu Grieg keppninni árið 2008 og hafa þeir síðan komið fram í Þýskalandi, Ísrael og á Íslandi. Vorið 2009 flutti hann fimmta píanókonsernt norska tónskáldsins Halvdan Cleve með Litháísku ríkissinfóníuhljómsveitinni.

Eygló Dóra Davíðsdóttir er fædd 1988 og hóf að læra á fiðlu fimm ára gömul hjá Lilju Hjaltadóttur og síðar Auði Hafsteinsdóttur. Samhliða menntaskóla stundaði hún nám við Listaháskóla Íslands, en eftir þriggja ára nám þar flutti hún til Berlínar og sótti einkatíma í fiðluleik hjá Stephan Picard prófessor. Nú nemur hún við tónlistarháskólann í Lübeck hjá Elisabeth Weber prófessor. Hún hefur tekið þátt í námskeiðum víða um Evrópu, hjá listamönnum eins og Nikolaj Znaider, Thomas Brandis og Sigurbirni Bernharðssyni.

Árið 2006 tók Eygló Dóra þátt í keppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníuhljómsveitar Íslands; Ungir einleikarar og hlotnaðist í kjölfarið að leika einleik með Sinfóníuhljómsveitinni. Hún er virkur kammermúsikant, hefur leikið með Mendelssohn Kammerorchester í Leipzig, Bach sveitinni í Skálholti og Strengjasveitinni Skark, og komið fram á hátíðum eins og Brahms-festival í Lübeck og Tónlistarhátíð unga fólksins. Hún er lausráðinn fiðluleikari hjá Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Magnus Boye Hansen er fæddur 1988 í Noregi og hefur spilað á fiðlu frá sjö ára aldri. Hann nemur nú hjá Geir Inge Lotsberg við Barratt Due Musikk institutt í Ósló og stefnir á að ljúka BA gráðu þaðan í vor. Hann hefur spilað fyrir hina ýmsu kennara, þar á meðal Piotr Janowski, Gordon Back, Dora Schwarzberg, Michaela Martin og Mauricio Fuks, og komið fram á tónlistarhátíðum t.d. Risør Kammermusikfestival, Podium Festival Haugesund og Podium Festival Esslingen. Hann spilar reglulega með strengjasveitinni Kammer Allegria og í nóvember 2008 lék hann einleik, Concerto Grosso eftir Alfred Schnittke, með Oslo Camerata. Í haust mun hann fara í tónleikaferðalag með Risør Kammermusikfestival og leika, meðal annars í Carnegie Hall með listamönnum á borð við Martin Fröst, Leif Ove Andsnes og Marc André Hamlin.

Magnus leikur á fiðlu sem Nicolas Gilles smíðaði árið 2008. Hana fékk hann léða frá Dextra Musica hljóðfærassjóðnum eftir að hafa unnið keppni sjóðsins um hljóðfærið.

Mischa Pfeiffer er fæddur 1985 í Baden-Württemberg og stundaði framhaldsnám í lágfiðluleik hjá Thomas Selditz við Tónlistarháskólann í Hamburg og frá árinu 2008 hjá Barböru Westphal í Tónlistarháskólanum í Lübeck þaðan sem hann stefnir á að ljúka námi nú í sumar.

Mischa hefur sótt námskeið hjá Roland Glassl, Thomas Riebl og Tatjana Masurenko og numið kammertónlist hjá listamönnum eins og Arnold Steihardt, Valentin Erben og Samuel Rhodes. Á tónleikaferðum sínum hefur hann leikið í Kína, Japan og víða um Evrópu. Hann kemur reglulega fram á Podium Festival Esslingen.

Þorgerður Edda Hall sellóleikari er fædd 1989 í Reykjavík og hóf tónlistarnám sitt við Tónskóla Sigursveins D. Kristinssonar. Haustið 2006 innritaðist hún á Diplomabrot Listaháskóla Íslands hjá Gunnari Kvaran prófessor og útskrifaðist þaðan vorið 2008. Veturinn 2008–09 stundaði hún nám við Barratt Due Musikk institutt í Ósló undir handleiðslu Bjørns Solum. Síðastliðinn vetur stundaði hún nám við Listaháskóla Íslands og lauk B.Mus. gráðu þaðan í vor.

Þorgerður hefur stundað ýmis konar tónlistariðkan og hefur leikið með strengjakvartett, bæði héraðs og á hinum Norðurlöndunum. Hún hefur tekið þátt í hljómsveitar- og kammerverkefnum, meðal annars á Tónlistarhátíð unga fólksins, með listamönnum á borð við Nikolaj Znaider, Krzysztof Penderecki og Sigurbjörn Bernharðsson.



Summer Concerts

founded the Podium festival in Haugesund, Norway 2008. He has performed in concert venues such as Oslo Konserthus and St. John's Smith Square in London. In 2009 he performed Piano Concerto no. 5 by the Norwegian composer Halvdan Cleve with the Lithuanian State Symphony Orchestra. With pianist Joachim Carr as Duo Arctica he received the third prize in the International Concours Grieg in 2008 and since then they have performed in Germany, Iceland and Israel.

Eygló Dóra Davíðsdóttir was born in 1988 and had her first violin lesson at the age of five. She studied at the Reykjavík College of Music with Lilja Hjaltadóttir and at the Iceland Academy of the Arts with Auður Hafsteinsdóttir. After her studies in Iceland she moved to Berlin where she had private lessons with professor Stephan Picard. Since the autumn of 2008 she has studied at the Music Academy of Lübeck with Professor Elisabeth Weber.

Eygló Dóra has taken part in master classes and courses throughout Europe, for example in Denmark with Nikolaj Znaider and in Iceland with Sibbi Bernharðsson. She has been freelancing with the Iceland Symphony Orchestra since 2006 and played with various ensembles, such as the Mendelssohn Kammerorchester Leipzig and the Skálholt Bach Consort, performing on historical instruments. As a prize winner of the Young Soloists Competition in 2006 she gave a solo performance of Max Bruch's violin concerto with the Iceland Symphony Orchestra.

Magnus Boye Hansen, born in Norway 1988, has played the violin since the age of seven. He studies with Geir Inge Lotsberg at the Barratt Due Musikk institutt in Oslo and will receive his Bachelor's degree in the spring of 2010. He has participated in master classes with several renowned teachers, e.g. Piotr Janowski, Gordon Back, Dora Schwarzberg, Michaela Martin and Mauricio Fuks, and in numerous festivals both in Norway and abroad such as Risør Kammermusikfestival, Podium Festival Haugesund and Podium Festival Esslingen. He plays regularly with the string ensemble Kammer Allegria, and in November 2008 he appeared as a soloist with Oslo Camerata performing Concerto Grosso by Alfred Schnittke. This spring he will tour with the Risør Kammermusikfestival and play in Carnegie Hall amongst other places, with artists such as Martin Fröst, Leif Ove Andsnes, Marc André Hamlin and Lars Anders Tomter.

Mischa Pfeiffer, born 1985 in Baden-Württemberg in Germany, furthered his viola studies with Thomas Selditz at the Musikhochschule Hamburg and from 2008 with Barbara Westphal at the Musikhochschule Lübeck whence he will graduate this summer. He has attended master classes with Roland Glassl, Thomas Riebl and Tatjana Masurenko and studied chamber music with various artists e.g. Arnold Steihardt, Valentin Erben and Samuel Rhodes.

He performs regularly at the Podium Festival Esslingen. On his concert tours he has been to China, Japan and numerous European countries.

Cellist **Þorgerður Edda Hall** was born in 1989 and started her music education at Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar. Her main teacher there was Richard Talkowsky. In 2006 she enrolled in the Iceland Academy of the Arts on a programme for young talents with professor Gunnar Kvaran, and graduated in the spring 2008. The following winter she studied at the Barratt Due Musikk institutt in Oslo with Bjørn Solum. After returning to Iceland, she studied at the Iceland Academy of the Arts and graduated with a BMus degree this spring.

Þorgerður has participated in master classes with several renowned cellists and performed with orchestras in Iceland and abroad, e.g. with artists such as Nikolaj Znaider and Krzysztof Penderecki.

Sumartónleikar

Kristín R. Sigurðardóttir lauk áttundastigs prófi frá Söngskólanum í Reykjavík árið 1993 undir handleiðslu Ragnheiðar Guðmundsdóttur og nam næstu þrjú árin óperusöng á Ítalíu hjá Rina Malatrasi. Vorið 2001 lauk hún söngkennaraprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og naut þá tilsagnar Þuríðar Pálsdóttur. Hún hefur sótt námskeið, meðal annars hjá Virginia Zeani, Andrei Orlovitz, Martin Isepp og Kristjáni Jóhannssyni. Hún tók þátt í óperustúdíói á vegum óperuhússins í Rovigo á Ítalíu 1997 og einnig á vegum Búdapest óperunnar í Majk 2001.



Kristín hefur sungið opinberlega á Ítalíu, í Ungverjalandi, Tékklandi, Austurríki, Kanada og hér á Íslandi, meðal annars hlutverk Bertu í Rakaranum frá Sevilla, Greifynjunnar í Brúðkaupi Fígarós, Fiordiligi í Cosi fan tutte og hlutverk Donnu Önnu í Don Giovanni. Einnig hefur hún sungið einsöng í ýmsum messum og óratoríum með kórum, hljómsveitum og kammerhópum. Kristín starfar sem einsöngvari og kennir við Söngskóla Sigurðar Demetz.

Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzo-sópran lauk einsöngvaraprófi frá Franz Schubert Konservatorium í Vín árið 1996 og næstu þrjú árin nam hún söng og leiklist í Vín og Mílanó, en þar stundaði hún einnig tungumálanám. Árið 2002 lauk hún burtfararprófi frá Söngskólanum í Reykjavík og ári síðar lokaprófi í kennslufræðum frá Royal Academy of Music í Lundúnum. Veturinn 2005–06 var Hólmfríður tónlistar- og veislustjóri Listasafns Íslands og næstu tvo vetur kenndi hún söng og var skólastjóri söngskólans Anima.



Hólmfríður er nýflutt heim eftir tveggja ára dvöl í Vín þar sem hún starfaði með ferðaóperu sem fór um Austurríki, Þýskaland og Ítalíu, og söng hlutverk Hans í barnaóperunni Hans og Gréta eftir Humperdinck. Hún hefur sungið víða um Evrópu og komið fram á fjölda galatónleika í Vín. Hólmfríður er tónmenntakennari Landakotsskóla, kórstjóri og starfar sem einsöngvari.

Antonía Hevesi píanóleikari er fædd í Ungverjalandi og útskrifaðist úr Franz Liszt tónlistarakadémiunni í Búdapest með MA gráðu í kórstjórn og sem framhaldsskólakennari í söng og hljómfræði. Frá árinu 1990 stundaði hún orgelnám við Tónlistarháskólann í Graz í Austurríki hjá Otto Bruckner prófessor, þar til hún fluttist til Íslands árið 1992.



Antonía starfar nú sem orgel- og píanóleikari á Íslandi, en hefur haldið fjölda tónleika sem orgelleikari og píanoméðleikari víðsvegar um Evrópu og Kanada. Hún hefur tekið þátt í meistaranámskeiðum í píanóundirleik hjá Dalton Baldwin og í söng hjá Lorraine Nubar og Olivera Miljakovic og spilað inn á geisladiska. Hún er listrænn stjórnandi og píanóleikari hádegistónleikaraðar Hafnarborgar og píanóleikari ÓP-hópsins, hóps ungra óperusöngvara. Antonía er fastráðinn æfingapíanisti Íslensku Óperunnar og hefur tekið þátt í mörgum uppsetningum þar, nú síðast Ástardrykknum eftir Donizetti.

Hörn Hrafnsdóttir mezzo-sópran stundaði nám við Tónlistarskóla Kópavogs og lauk áttunda stigi í söng frá Söngskólanum í Reykjavík. Kennarar hennar þar voru afi hennar, Einar Sturluson, og Elín Ósk Óskarsdóttir. Síðastliðin ár hefur Hörn sótt tíma til Elínar og ýmis námskeið og söngtíma, meðal annars í Vínarborg, Edinborg, Lundúnum og á Ítalíu. Hörn útskrifaðist sem byggingaverkfræðingur frá Háskóla Íslands árið 1997 og lauk meistaranámi í vatnsauðlindaverkfræði frá Heriot Watt University í Edinborg árið 2001. Hún starfar hjá Verkís í Reykjavík.



Árið 2007 var Hörn meðal fyrstu verðlaunahafa í alþjóðlegu söngvarakeppninni Barry Alexander International Vocal Competition í New York borg og í kjölfar þess söng hún einsöng á tvennum tónleikum í Carnegie Hall þar í borg. Hörn hefur komið víða fram sem einsöngvari, beggja vegna Atlantshafsins og í mars síðastliðnum söng Hörn hlutverk Amneris á sviðsettum tónleikum Íslensku Óperunnar úr Aida eftir Verdi. Hún er ein af stofnendum ÓP-hópsins sem heldur mánaðarlega hádegistónleika í Íslensku Óperunni. Hörn vinnur nú að útgáfu ljóðasöngsdisks.

Margrét Grétarsdóttir lærði söng hjá Elínu Ósk Óskarsdóttur við Söngskólann í Reykjavík og sótti síðar einkatíma hjá henni. Hún stundaði nám um skeið hjá Franco Castellana á Ítalíu og hefur sótt námskeið, meðal annars hjá Galina Pisarenko, Anton Steingruber,



Summer Concerts

Kristín R. Sigurðardóttir soprano studied at Tónskóli Sigursveins D. Kristinssonar and the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts with Ragnheiður Guðmundsdóttir, graduating in 1993. For the following three years she studied opera singing in Italy with Rina Malatrasi. In 2001 she received her teacher's diploma from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts where she had studied with Þuríður Pálsdóttir. Kristín has attended master classes e.g. with Virginia Zeani, Martin Isepp and Kristján Jóhannsson, and appeared with opera studios in the National Theatre of Rovigo in Italy 1997 and the National Theatre of Budapest in Majk 2001.

Kristín has performed in Italy, Hungary, the Czech Republic, Austria, Canada and Iceland e.g. in opera roles of Berta in *Il Barbiere di Sevilla*, the Countess in *La Nozze di Figaro*, Fiordiligi in *Così fan tutte* and Donna Anna in *Don Giovanni*. Kristín currently works as a singer and singing teacher at Sigurður Demetz School of Singing in Reykjavík.

Hólmfríður Jóhannesdóttir mezzo-soprano received her singer's diploma from the Franz Schubert conservatory in Vienna, Austria in 1996. For the following three years she studied singing, drama and languages in Vienna and Milan. In 2002 she finished her singing diploma from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts, and her teacher's diploma a year later. In 2005-6 she was the music and festival manager of the National Gallery of Iceland, and for the next couple of years she was the principal of the Anima singing school in Reykjavík.

Hólmfríður has recently returned to Iceland after working for two years with a travel opera based in Vienna. There she sang e.g. the role of Hansel in the children's opera *Hansel and Gretel* by Humperdinck, performing in Austria, Germany and Italy. Hólmfríður also sang *Gala Concerts* in Vienna and performed recitals and concerts widely in Europe. Currently she works as a singer and is the music teacher and choir conductor at the school of Landakot in Reykjavík.

Born in Hungary, **Antónia Hevesi** graduated with an MA degree as a choir conductor 1988 from the Liszt Ferenc Academy of Music in Budapest where she also earned a diploma as a high school instructor in singing and harmonics. Then she attended the Universität für Musik und darstellende Kunst in Graz, Austria, studying organ music with Professor Otto Bruckner. She has participated in master classes with Olivera Miljakovic and at the Académie Internationale d'Été de Nice, with Lorraine Nubar and Dalton Baldwin.

In 1992 she moved to Iceland and has since been an influential participant in the Icelandic music scene. She is sought-after as a concert pianist, as well as a piano accompanist, choir conductor, organ and piano teacher and has given concerts in Canada and throughout Europe. She is the pianist and artistic director of the monthly 'Noon' concert series at the Hafnarfjörður Institute of Culture and Fine Art, and pianist and coach of the Icelandic Opera in Reykjavík.

Mezzo-soprano **Hörn Hrafnadóttir** started her musical education at the Kópavogur Music School and later graduated from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts. Her singing teachers were Einar Sturluson - her grandfather - and Elín Ósk Óskarsdóttir. Hörn has attended various master classes and singing lessons e.g. in Vienna, Edinburgh, London and Italy. In 2007 Hörn won first prize in the Barry Alexander International Vocal Competition in New York. She has performed as a soloist in Italy, Bulgaria, Canada and twice in Carnegie Hall, New York City.

Hörn's debut on the opera stage was in March 2007 when she sang the role of La Zia Prinzipessa in *Suor Angelica* by Puccini, followed by a performance in April as Lucia in *Cavalleria Rusticana* by Mascagni. In 2010 Hörn sang the role of Amneris in a semi-staged production of highlights from Verdi's *Aida* at the Icelandic Opera. Currently she is working on a Lieder CD.

Hörn is also a Civil Engineer and holds a M.Sc. degree in water resources engineering management from Heriot Watt University in Edinburgh.

Margrét Grétarsdóttir studied singing with Elín Ósk Óskarsdóttir at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and later with Franco Castellana in Italy. She has attended master classes e.g. with

Sumartónleikar

Robin Stapleton og Catherine Sadolin. Árið 2008 lauk hún eins árs diplomanámi hjá Complete Vocal Institute í Kaupmannahöfn.

Í lok árs 2007 vann hún önnur verðlaun í hinni þekktu söngvakeppni Barry Alexander International Vocal Competition í New York borg. Margrét hefur víða komið fram sem einsöngvari, með kórum og í óperuhlutverkum, meðal annars sem ein brúðarmærin í Galdraskyttunni eftir Carl von Weber, í Suor Angelica eftir Puccini og Cavalleria Rusticana eftir Mascagni. Af trúarlegri tónlist hefur hún meðal annars sungið einsöngsverkin í Beatus Vir og Gloria eftir Vivaldi, Requiem eftir Fauré og Messu í G-dúr eftir Schubert. Ásamt starfi sínu sem söngkona kennir Margrét söng og leik hjá Sönglist í Borgarleikhúsinu.

Svana Berglind Karlsdóttir er fædd og uppalin á Sauðárkróki og hóf tónlistarnám sitt við tónlistarskólann þar. Á árunum 1991–93 var hún við nám hjá Augusto Frati í Flórens á Ítalíu og haustið 1994 hóf hún nám við Söngskólann í Reykjavík þar sem hún naut leiðsagnar Snæbjargar Snæbjarnardóttur og síðar Elínar Óskar Óskarsdóttur og til hennar hefur hún einnig sótt tíma síðastliðin ár. Hún lauk burtfararprófi þaðan árið 1999 og hélt áfram námi við kennaradeild skólans uns hún snéri aftur til náms á Ítalíu undir leiðsögn Massimo Sardi. Hún hefur einnig sótt ýmis námskeið, meðal annars þrívægis hjá hljómsveitarstjóranum Martin Isepp.

Svana Berglind fór með ýmis hlutverk í uppfærslum hjá óperudeild Söngskólans, meðal annars hlutverk Fyrstu hirðmeyjar í Töfraflautunni, Systur Genovieffa í Suor Angelica og Rosalinda í Leðurblokunni. Hún hefur haldið fjölda einsöngstónleika og komið fram við margvísleg tækifæri, ýmist ein eða með kórum, innanlands og erlendis, meðal annars í Búlgaríu, Noregi og á Ítalíu.

Hólmfríður Sigurðardóttir hóf píanónám sitt í Tónlistarskóla Ísafjarðar þar sem Ragnar H. Ragnar var aðalkennari hennar. Hún lærði síðan í Tónlistarháskólanum í München og lauk þaðan einleikara- og kennaraprófi.

Að námi loknu settist hún að í Reykjavík og hóf störf við kennslu og píanóleik. Hún fór fljótlega að leika með söngvurum og hefur það verið aðalstarf hennar síðan, sem meðleikari við Söngskólann í Reykjavík og með kórum og söngvurum á tónleikum hér heima og erlendis.

Söngtríóíð **Sopranos** var stofnað sumarið 2004 og hefur haldið fjölda tónleika og skemmt landanum innan lands sem utan. Stúlkurnar leggja mikla vinnu í tónlistina og útsetja allt sjálfar. Þær eru þekktar fyrir að undirstrika leikræna þáttinn í flutningi sínum og eru því oft mjög skrautlegar, skemmtilegar – og að sjálfsögðu dramatískar á köflum.

Að loknu áttunda stigi í söng og píanókennaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík nam **Sigríður Ósk Kristjánsdóttir** óperusöng við Benjamin Britten óperudeildina í Royal College of Music í Lundúnum og útskrifaðist 2008 úr óperudeild og hlaut meistaragráðu ári síðar. Kennarar hennar hérlendis voru Anna Þorgrímsdóttir og Rut Magnússon og nú nemur hún söng hjá Russell Smythe.

Sigríður hefur komið fram sem einsöngvari í Royal Albert Hall, Kings Place, St. Martin in the Fields og af óperuhlutverkum má nefna Tisbe í Öskubusku eftir Rossini, Aðra dömu í Töfraflautunni, Cherubino í Brúðkaupi Fígarós og Arbate í Mitridate, allt eftir Mozart, og Arcane í Teseo eftir Händel. Nýverið flutti hún tónverkið Arianna a Naxos eftir Haydn í Kings Place tónleikasalnum í Lundúnum við undirleik hins virta píanóleikara Gary Cooper. Sigríður kemur reglulega fram á ljóða- og óratóriutónleikum og hún söng inn á diskinn 'Engel Lund Book of Folk Songs' með the Lieder Theatre London sem Nimbus Records gaf út.

Ástríður Alda Sigurðardóttir píanóleikari lauk einleikaraprófi frá Tónlistarskólanum í Reykjavík undir handleiðslu Önnu Þorgrímsdóttur. Á árunum 2000–03 stundaði hún nám hjá Reiko Neriki við Indiana University - Jacobs School of Music í Bloomington þaðan sem hún lauk Artist Diploma. Ástríður hefur sótt námskeið og einkatíma í píanóleik og kammertónlist hjá



Summer Concerts

Galina Pisarenko, Anton Steingruber, Robin Stapleton and Catherine Sadolin. In 2008 she finished one year diploma studies at the Complete Vocal Institute in Copenhagen.

In 2007 Margrét won 2nd prize in the Barry Alexander International Vocal Competition. She has performed widely as a soloist with choirs and in operas, e.g. the role of a Bridesmaid in *Der Freischütz* by Carl von Weber, and performed in *Suor Angelica* by Puccini and *Cavalleria Rusticana* by Mascagni. Religious music has always been close to her heart and she has performed as a soloist in *Beatus Vir* and in *Gloria* by Antonio Vivaldi, *Requiem* by Gabriel Fauré and *Mass in G* by Schubert. Along with her singing, Margrét teaches singing and acting.

Svana Berglind Karlsdóttir started her musical education at Sauðárkrókur Music School in North Iceland where she, along with her vocal education, completed seventh grade in piano. She graduated from the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts with an Advanced Certificate and furthered her studies in the teacher-training division of the same academy. Her main singing teachers were Snæbjörg Snæbjarnardóttir and Elín Ósk Óskarsdóttir. Svana Berglind studied for some years in Italy, where her teachers were Maestro Augusto Frati and Professor Massimo Sardi. She has also attended various master classes e.g. with the conductor Martin Isepp.

Svana Berglind's opera roles include *The First Lady* in Mozart's *Magic Flute*, *Suor Genovieffa* in Puccini's *Suor Angelica* and *Rosalinda* in the *Fledermaus* by Johann Strauss. She has appeared on various occasions with choirs and as a soloist in Iceland as well as in Norway, Bulgaria and Italy.

Pianist **Hólmfríður Sigurðardóttir** started her musical education at Ísafjörður Music School under the instruction of Ragnar H. Ragnar. She furthered her studies at the Hochschule für Musik in München, Germany, where she graduated with a performer's and teacher's degree. After her studies she settled in Reykjavík and started a career as a pianist and a teacher. Very soon her main occupation became playing with singers, as an accompanist at the Reykjavík Academy of Singing and Vocal Arts and with choirs and solo singers. She has performed in numerous concerts both in Iceland and abroad.

The Sopranos vocal trio, established in the summer of 2004, has held numerous concerts and performed on various occasions both in Iceland and abroad. The singers put their soul into the music, they make all arrangements themselves, and are known for their theatrical, dramatic and entertaining performances.

Sigríður Ósk Kristjánsdóttir graduated from the Reykjavík College of Music as a piano teacher and with a diploma in singing, studying with Anna Þorgrímsdóttir and Rut Magnússon. She furthered her studies at the Benjamin Britten International Opera School at the Royal College of Music in London. She graduated from the Opera Course in 2008 and was awarded her MMus in 2009. Currently Sigríður studies with Russell Smythe.

Sigríður gives recitals and performs oratorios mainly in the UK and has performed at such venues as the Royal Albert Hall, Kings Place, Handel House and St. Martin in the Fields. Her opera roles include *Tisbe* in *La Cenerentola* by Rossini, *Arbate* in Mozart's *Mitridate*, *Second Lady* in the *Magic Flute* and *Cherubino* in the *Marriage of Figaro* and *Arcane* in Handel's *Teseo*. Recently she performed Haydn's *Arianna a Naxos* at Kings Place in London with the acclaimed fortepianist Gary Cooper. Sigríður has recently recorded the 'Engel Lund Book of Folk Songs' at the Lieder Theatre London for Nimbus Records.

Ástríður Alda Sigurðardóttir completed her Recital Diploma at the Reykjavík College of Music under the guidance of Anna Þorgrímsdóttir. Between 2000 and 2003 she studied with Reiko Neriki at Indiana University - Jacobs School of Music at Bloomington, where she gained her Artist Diploma. Ástríður has attended many master classes and private classes in piano and chamber music with artists such

Sumartónleikar

listamönnum á borð við Geörgy Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder og Olaf Dressler.

Ástríður hefur komið víða fram á tónleikum, ýmist sem einleikari eða með öðrum tónlistarmönnum. Hún hefur leikið einleik með Internationales Jugendsinfonie-orchester Elbe-Weser í Þýskalandi og með Sinfóníuhljómsveit Íslands. Ástríður leikur með kammerhópnum Elektra Ensemble og tangósveitinni Fimm í tangó. Árið 2007 kom út diskurinn Aldarblik með söngvurunum Eyjólf Eyjólfssyni og Ágústi Ólafssyni og leik hennar.

Eva Mjöll Ingólfssdóttir hóf reglubundið fiðlunám sjö ára gömul. Fyrir tvítugt lá leið hennar í Tónlistarháskólann í Brussel, þar sem prófessor Leon Ara var kennari hennar í þrjú ár. Hún nam í Genf hjá Corrado Romano og síðar hjá Istvan Parkanyi við Sweelinck Conservatorium í Amsterdam, og sótti sumarnámskeið hjá Tibor Varga, Zachar Bron, Victor Pikaisen og Stephan Gheorghiu. Af tengslum við þessa listamenn leiðir að fiðluleikur hennar ber keim af hinum austurevrópska og rússneska skóla með slípuðum og fingerðum, en jafnframt tilfinningaþrungnum tóni. Eva Mjöll bjó um skeið í Japan þar sem hún efndi til tónleika sem hlutu mikið lof, en efni þeirra var hljóðritað á fyrsta geisladisk hennar árið 1995. Annar geisladiskur kom út árið 1998. Eva Mjöll stundaði um tíma nám í tónsmíðum, hljómsveitarritun- og stjórn við Harvard háskólann í Boston. Hun býr nú í New York borg.



Arngunnur Árnadóttir nam klarinettuleik við Tónlistarskólann í Reykjavík hjá Kjartani Óskarssyni og Listaháskóla Íslands hjá Einari Jóhannessyni. Árið 2008 fékk hún inngöngu í Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín hjá kennurum Ralf Forster, sem er fyrsti klarinettuleikari Konzerthausorchester Berlin, og Wenzel Fuchs fyrsta klarinettuleikara Berlínarfílharmóníunnar.



Hún hefur leikið einleik með hljómsveit Tónlistarskólans í Reykjavík og tvívegis með Sinfóníuhljómsveit Íslands, í síðara skiptið eftir að hafa unnið til þess í keppni Listaháskóla Íslands og Sinfóníunnar Ungir einleikarar. Þá lék hún Première Rhapsodie eftir Claude Debussy. Arngunnur hefur leikið með Kammersveitinni Ísafold og hljómsveitinni Hjaltalín og sem lausráðin við Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Joaquin Páll Palomares hóf ungur að læra á fiðlu undir handleiðslu foreldra sinna, Unnar Pálsdóttur og Joaquin Palomares, og lék á tónleikum bæði á Spáni og Íslandi.



Haustið 2002, eftir nokkurra ára hlé frá fiðlunni, hóf hann nám við Tónlistarskólann í Kópavogi hjá Margréti Kristjánsdóttur og útskrifaðist vorið 2005. Þaðan lá leið í Listaháskóla Íslands, til Auðar Hafsteinsdóttur, þaðan sem hann útskrifaðist með hæstu einkunn vorið 2008. Þá um haustið hóf hann nám hjá Ulf Wallin við Hochschule für Musik Hanns Eisler í Berlín. Páll hefur sótt námskeið, meðal annars hjá Guðnýju Guðmundsdóttur, Sigrúnu Eðvaldsdóttur, Roland Vamos, Kraká tríóinu, Rachel Barton Pine, Gilles Apap, Pekka Kuusisto og Nikolaj Znaider. Haustið 2007 var hann einn af sigurvegurum í keppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitarinnar Ungir einleikarar og hlotnaðist að leika Sibelius fiðlukonsertinn með Sinfóníuhljómsveit Íslands.

Hákon Bjarnason hóf píanónám við 9 ára aldur. Helstu kennarar hans voru Jónas Sen í Nýja Tónlistarskólanum og Halldór Haraldsson við Tónlistarskólann í Reykjavík og Listaháskóla Íslands. Hákon útskrifaðist með B.Mus. gráðu frá Listaháskólanum vorið 2008 og hlaut hæstu einkunn fyrir útskriftartónleika sína. Þá um haustið flutti Hákon til Berlínar og sótti einkatíma hjá Jürgen Schröder og síðar Klaus Bässler.



Í október 2009 vann Hákon píanókeppni Íslandsdeildar EPTA í efsta aldursflokki. Í kjölfarið tók Ríkisútvarpið upp þrjú verk í flutningi hans og útvarpaði á nýársdag 2010. Tvo yngri flokka keppninnar hafði hann unnið árin 2000 og 2003. Hákon var einn sigurvegari í keppni Listaháskólans og Sinfóníuhljómsveitar Íslands Ungir einleikarar 2007 og hlotnaðist að leika fyrsta píanókonsert Prokofjeffs með hljómsveitinni í janúar 2008.

Summer Concerts

as Geörgy Sebök, Ludwig Hoffmann, Janos Starker, Jürgen Schröder and Olaf Dressler.

Ástriður has performed widely, both as a soloist and with other musicians. She has performed with the Internationales Jugendsinfonie-orchester in Elbe-Weser in Germany, the Iceland Symphony Orchestra and the Iceland Amateur Symphony Orchestra. Ástriður is a member of the Elektra Ensemble and the tango group Five to Tango. The CD album Aldarblik was released in 2007, where she collaborates with the Icelandic singers Eyjólfur Eyjólfsson and Ágúst Ólafsson.

After studying at the Reykjavík College of Music, violinist **Eva Ingolf** went to study with some of Europe's finest violin pedagogues such as Professor Leon Ara at the Royal Conservatory of Brussels, Professor Corrado Romano at the Conservatory of Geneva and Professor Istvan Parkanyi at the Sweelinck Conservatory in Amsterdam, Stephan Gheorghiu, Victor Pikaizen, Zachar Bron and Tibor Varga. Her playing has been greatly influenced by the spirit of the Russian and East European violin schools.

Eva has given numerous solo recitals in well-known concert halls in Iceland, Japan, United States, Russia and Europe, including the Weill Recital Hall at Carnegie Hall and Trinity Church in New York City and the Corcoran Gallery of Art in Washington DC, receiving high acclaim from music critics as well as the general public. She has released two CDs, with a third to be issued this year. In 1995-6 she undertook studies in composition, conducting and orchestration at the Harvard University.

Arngunnur Árnadóttir studied the clarinet with Kjartan Óskarsson at the Reykjavík College of Music and Einar Jóhannesson at the Iceland Academy of the Arts. In 2008 she was accepted at the Hochschule für Musik Hanns Eisler Berlin, where she studies with Ralf Forster, principal clarinetist of the Konzerthausorchester Berlin, and Wenzel Fuchs, principal clarinetist of the Berliner Philharmoniker.




She has performed solo concerts with the Reykjavík College of Music Orchestra and twice with the Iceland Symphony Orchestra; the second time she played Debussy's *Première Rhapsodie*, after winning the orchestra's Young Soloists' Competition. Arngunnur freelances with the Iceland Symphony Orchestra, and performs with Ísafold Chamber Orchestra and the Icelandic pop band Hjaltalín.

Joaquin Páll Palomares began playing the violin at the age of six. His first teachers were his parents, Unnur Pálsdóttir and Joaquin Palomares, both violin teachers. In 2005 he finished his studies at the Kópavogur Music School with Margrét Kristjánsdóttir and enrolled at the Iceland Academy of the Arts where his main teacher was Auður Hafsteinsdóttir. He graduated from the academy with highest grade in the spring 2008. Since the autumn of 2008 he has studied with Ulf Wallin at the Hochschule für Musik Hanns Eisler in Berlin.

He has attended master classes with musicians such as Guðný Guðmundsdóttir, Sigrún Eðvaldsdóttir, Roland Vamos, the Krakov Trio, Rachel Barton Pine, Pekka Kuusisto, Nikolaj Znaider and Gilles Apap. In October 2007 he won the Iceland Symphony Orchestra's Young Soloists' Competition and consequently played the Sibelius Concerto with the Orchestra in January 2008.

Hákon Bjarnason started playing the piano at the age of 9. His main teachers were Jónas Sen at the New Music School, and Halldór Haraldsson at the Reykjavík College of Music and the Iceland Academy of the Arts. Hákon graduated with a Bachelor of Music degree from the Academy in the spring of 2008, receiving the highest grade. Since the autumn of 2008 Hákon has been studying in Berlin with Jürgen Schröder and Klaus Bässler.

In October 2009 Hákon won the EPTA-Iceland piano competition in the oldest participants' category. As a result, the Icelandic National Broadcasting Service recorded three pieces performed by Hákon and broadcast on New Year's Day 2010. He had won the other two categories of the competition in 2000 and 2003. As one of the prize winners of the Young Soloists' Competition in the autumn of 2007 he played Prokofiev's First Piano Concerto with the Iceland Symphony Orchestra in January 2008.





Sculptor **Sigurjón Ólafsson** (1908-1982) has been named one of his century's most important portrait sculptors but he also developed a personal abstract style. Trained as a house painter, he entered the Danish Royal Academy of Fine Arts in 1928, from which he graduated in 1935, having supplemented his studies with a year in Rome. As an experimental sculptor he brought both classical schooling and artistic insight to a variety of materials from clay and plaster to wood, metal, stone and concrete. His versatility has inspired younger generations of Icelandic artists. His works are found in museums and private collections in Iceland, Denmark, Sweden, Italy and the United States. As one of the leading artists of Iceland, he was entrusted with numerous challenging commissions, among them a 90 m long relief at the Búrfell Power Station. Public monuments by Ólafsson in Reykjavík include the *Throne Pillars* at Höfði house, *Emblem of Iceland* close to the University Cinema and the *Pack Horse* at Hlemmur Square.

The Sigurjón Ólafsson Museum was founded by the artist's family who converted his studio to house a large collection of his works. The museum is situated by the seafront on the historical Laugarnes peninsula, a 30 minutes easy walk along the shore from Reykjavík city centre. The cafeteria, with a beautiful view over the ocean, is open during museum hours and after the summer concerts.

LISTASAFN SIGURJÓNS ÓLAFSSONAR

HÝSIR HÖGGMYNDR OG TEIKNINGAR EFTIR
SIGURJÓN ÓLAFSSON MYNDHÖGGVARA ÁSAMT
HEIMILDUM UM LISTAMANNINN OG ER MIÐSTÖÐ
RANNSÓKNA Á LIST HANS. SAFNIÐ, SEM ER
SJÁLFPSEIGNARSTOFNUN, VAR OPNAÐ
ALMENNINGI ÁRIÐ 1988.

SIGURJÓN ÓLAFSSON MUSEUM

LAUGARNESTANGI 70,
IS-105 REYKJAVÍK, ICELAND
TEL: (+354) 553-2906
WWW.LSO.IS
LSO@LSO.IS

HOW TO GET THERE



+64 9' 11.16", -21 53' 14.28"

June 1. – September 15.
Open daily: 14–17 except Mondays

September 16. – May 31.
Open Saturdays and Sundays: 14–17

Closed in December and January

1. júní – 15. september
Ópið daglega nema mánudaga 14–17

16. september – 31. maí
Ópið laugardaga og sunnudaga 14–17

Lokað í desember og janúar